

3
4. apríl

LÖG

um

undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli, skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltfisk.

2. gr.

Ráðherra getur með reglugjörð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugjörðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóv. 1917, um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglustjóra, hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsigliun þess áfengis, sem ekki á að fara hjer í land.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. apríl 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.